

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar vegna Víkingastrætis 1h, ný lóð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2026 breyting á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar vegna Víkingastrætis 1h.

Breytingin felst í nýrri lóð fyrir dreifistöð HS Veitna við lóðarmörk Suðurgötu 18 í landi bæjarins. Aðkoma að lóð er um Víkingastræti. Stærð lóðar er 5x6 m og stærð byggingarreits er 3x4 m.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Hvaleyrarbrautar 32.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2026 breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Hvaleyrarbrautar 32.

Breytingin felst í að lóðin er stækkuð um 16,7 m til vesturs og byggingarreitur er stækkaður um 28 m til vesturs. Tilfni fyrirhugaðrar deiliskipulagsbreytingar er að skapa heimild fyrir viðbyggingu við núverandi húsnæði sem ætlað er að hýsa geymslu og flugeldasölu björgunarsveitarinnar.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 22. júlí 2026.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Anna Margrét Tómasdóttir verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 23. júlí 2026